

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, safnvegur, Veigastaðavegur frá Vaðlaheiðarvegi.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. október 2013 breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 26. september 2013.

Í breytingunni felst að Veigastaðavegi nr. 828 er breytt úr tengivegi í safnveg á kaflanum frá Vaðlaheiðarvegi að sveitarfélagsmörkum í suðri.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 9. október 2013.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðrún Halla Gunnarsdóttir.*